

Fundargerð nr. 182

182. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 4.9.2017 kl. 11:00

Mætt: Ágústa Ragnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Róbert A. Darling, Helga Sighvatsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

1. Staða skólans

Skólinn er fullsetinn og engin breyting hefur orðið á kennarahópnum. 85 nemendur eru á biðlista sem er nokkuð meira en undanfarin ár. Meirihluti nemenda er í fullu námi við skólann. Skólinn hefur tekið á leigu sal í næsta húsi fyrir rytmíska deild skólans og samspil annarra deilda. Þróunarverkefni sem farið var af stað með á síðasta skólaári mæltist mjög vel fyrir og ákveðið hefur verið að halda því áfram í vetur. Verkefnið var sett af stað fyrir 2.bekk í öllum grunnskólum á starfssvæði Tónlistarskólans.

2. 6 mánaða uppgjör

Uppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði ársins var lagt fram og er það samkvæmt áætlun.

3. Reglur varðandi ferðakostnað

Samþykkt að greiða skuli yfirvinnu og kostnað vegna gistingar og ferðalaga stjórnenda vegna þátttöku í Skólastjóraþingi skólastjóra tónlistarskóla.

4. Skólagjöld

Á árunum 2011-2015 voru skólagjöld ekki hækkuð í takt við vísitölu. Af þessu skapaðist halli upp á 23 milljónir sem teknar voru úr sjóðum skólans. Síðustu tvö ár hafa skólagjöld verið hækkuð nokkuð þannig að nú hefur náðst jafnvægi í þessum málum.

5. Ráðning skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga

Helga Sighvatsdóttir vék af fundi. Leifur Geir Hafsteinsson frá Hagvangi kom inn á fundinn og fór yfir mál vegna ráðningar á skólastjóra en staðan verður auglýst á næstu vikum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:50

*Halldóra Hjörleifsdóttir
Ágústa Ragnarsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Róbert Darling
Helga Sighvatsdóttir*